

L Ö G

90

19. júní

um útflutning á kjöti.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ekkert kjöt má flytja út frá Íslandi til Noregs eða Englands, nema með leyfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

2. gr.

Þeir einir geta fengið leyfi til kjötútflutnings til ofan nefndra landa, sem fluttu þangað kjöt af framleiðslu árána 1930—1932. Leyfin verða miðuð við kjötútflutninginn eins og hann var hjá hverjum útflytjanda þessi ár.

Nú hafa orðið eigandaskipti að verzlun, er flutt hefir út kjöt til þessara landa, og öðlast þá hinn nýi eigandi sömu aðstöðu til útflutnings sem hinn hafði.

Sláturhús, kaupfélög og aðrar verzlánir, sem falið hafa öðrum kjötútflutning til þessara landa, skulu, ef þess er óskað, koma til greina við ákvörðun útflutningsleyfa sem sjálfstæðir útflytjendur, enda sé þá miðað við það kjötmagn, er þeir létu flytja út, og skal það kjötmagn koma til frádráttar kjötútflutningsmagns þess firma, er útflutninginn hafði á hendi, þegar útflutningsleyfi þess skal ákveðið.

3. gr.

Umsóknir um leyfi til kjötútflutnings skulu komnar í hendur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu fyrir lok júlímánaðar ár hvert. Umsóknum þessum skulu í fyrsta sinn fylgja skilríki fyrir því, hve mikið kjöt umsækjandi hefir flutt út af framleiðslu árána 1930—1932, og sé tilgreint, hversu mikið er flutt til hvers lands af framleiðslu hvers árs um sig.

4. gr.

Ekkert kjöt má flytja til Noregs á tímabilinu 1. júlí til 15. október ár hvert.

5. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveður þegar útflutningsleyfi er veitt, hve mikið hver útflytjandi má flytja af kjöti til ofan nefndra landa á

90 hverjum ársfjórðungi. Sýslumenn og bæjarfógetar hafa eftirlit með því, að út-
19. júní flytjendur sendi ekki meira kjöt til ofan nefndra landa en leyft er á hverjum tíma.

6. gr.

Nú hefir verið flutt til Noregs það kjötmagn, sem nýtur tollviltunnar ár hvert, og getur þá ráðuneytið leyft frekari útflutning, ef þess er óskað.

7. gr.

Nánari fyrirmæli um kjötútflutninginn getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sett með reglugerð.

8. gr.

Nú verður, að dómi atvinnumálaráðherra, óhæfilega mikið framboð á kjöti til sölu innanlands vegna óviðráðanlegra útflutningstakmarkana, og getur þá ríkisstjórnin ákveðið í reglugerð, að komið verði skipulagi á sölu kjöts innanlands, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, Sambands ísl. samvinnufélaga og Sláturfélags Suðurlands.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er settar kunna að verða samkv. þeim, varða sektum, allt að 10000 kr., er renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. júlí 1934.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Dorsteinn Briem.